

Skólaráðsfundur

17. október 2018

Mættir: Hálfðan – skólastjóri, Súsanna og Diljá – fulltrúar nemenda, Manassa og Elsa Lára – fulltrúar foreldra, Helena – fulltrúi starfsmanna, Elín og Kristín – fulltrúar kennara.

1. Fundarhöld á skólaárinu áætluð tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.
2. Hálfðan sagði frá upphafi starfs nýrrar stjórnar skólans sem hefur lagt áherslu á að auka verkferla innan skólans. Nú er áhersla á að skoða ný persónuverndarlög. Samvinna í gangi með skólum í Hafnarfirði, talið betra að vanda til grunnvinnunnar áður en stefnan verður lögð fyrir.
3. Einneltisáætlun

Áætlun er í endurskoðun – umræður um efnislega þætti áætlunarinnar. Nýtt í áætluninni er að foreldrar þurfa að skrifa undir skjal þess efnis að máli sé lokið og sátt hafi náðst í málinu. Fáist ekki lausn í málið innan skóla er nú heimild til að vísa málum til eineltisteymis menntamálaráðuneytis.

Umræða um forvarnir gegn einelti, umræða um hvort séu til verklagsferlar um hvernig eigi að bregðast við þegar upp koma ákveðin mál. Ef nemandi verður t.d. uppvís að ofbeldi, er eitthvað ákveðið ferli sem fer í gang. Hugmynd um að halda skrá/gagnabanka um hvað hefur virkað vel í ákveðnum tilfellum.

Umræða um hver viðbrögð séu gagnvart nemendum sem eru sakaðir um einelti en eru ekki gerendur. Hvernig hlúum við að nemendum sem upplifa að hafa valdið öðrum skaða og líður illa í kjölfarið. Allir einstaklingar þurfa að ganga heilir frá eineltismálum, bæði þolendur, gerendur og grunaðir gerendur.

Fyrirspurn um hvað sé gert í þeim tilfellum sem foreldrum og skóla greinir á um hvort einelti sé í gangi. Þá eru kallaðir til óháðir aðiliar til að fara yfir málin og veita ráðgjöf. Hagsmunir barnsins alltaf í forgrunni.

Ábending um hvort máli sé alltaf lokið þegar einelti er lokið, eru einhver úrræði fyrir þá sem málið snýr að sem glíma við vanlíðan eða annað.

4. Forvarnarstarf 2018-2019
Samstarf við foreldrafélag, félagsmiðstöð og nemendafélag varðandi áherslur í forvörnum.
Óskað eftir tillögum um hvaða málum þyki brýnt að sinna.
Hugmynd um fræðslu um tölvufíkn (Eyjólfur sálfræðingur)
Rætt um hvort þurfi fræðslu um vape eða orkudrykki.
5. Önnur mál
Umræða frá nemendum um af hverju nemendur mega ekki vera með koffíndrykki en svo eru kennara með þessa drykki.
Óskað eftir að hugmynd frá nemanda á síðasta ári um símalausan dag verði að veruleika.

Fundi slitið 09:24

Ritari: Elín Þ. Samúelsdóttir